

## ERINDISBRÉF

fyrir matsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

### 1. gr.

Matsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Um matsmenn í hlutastarfi og matsmenn sem þiggja laun frá öðrum en Framleiðslueftirliti sjávarafurða, gilda framangreind réttindi og skyldur svo og önnur ákvæði erindisbréfs þessa eftir því sem við á.

### 2. gr.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Um menntun og reynslu matsmanna getur ráðherra kveðið á með reglugerð.

### 3. gr.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða er yfirstjórnandi matsmanna, en nánasti yfirboðari þeirra er yfirmatsmaður í umdæmi því, sem matsmaðurinn starfar í. Matsmenn eru aðstoðarmenn yfirmatsmanna við mat og alla umsjón með fiskinum, þangað til hann er kominn í útflutningsskip eða fluttur burt af starfssvæði þeirra.

### 4. gr.

Matsmenn skulu kynna sér rækilega gildandi lög um fiskmat, svo og reglugerðir og fyrirmæli, sem gefin eru út samkvæmt lögum. Ennfremur skulu þeir kynna sér önnur lög og reglugerðir, sem starfi þeirra viðvíkur, svo sem reglugerð um lágmarksstærðir fisktegunda. Matsmönnum er skylt að haga mati sínu og eftirliti eftir ákvæðum þessara fyrirmæla, svo og eftir fyrirskipunum viðkomandi yfirmatsmanns, deildarstjóra eða forstjóra.

### 5. gr.

Komi einhver þau atriði fyrir við mat eða eftirlit matsmanna, sem ekki eru skýr ákvæði um í reglugerð eða gefnum fyrirmælum, eða þeir eru í vafa um einhver slík atriði, skulu þeir leita til viðkomandi yfirmatsmanns og fá fyrirskipanir um hvað gera skuli. Verði þessu ekki viðkomið, skulu þeir gera það, sem þeir álíta réttast, og skýra síðan yfirmatsmanni frá því sem fyrst og áður en vottorðið er gefið út um vöru þá, sem vafaatriðið snerfir.

Þeir skulu og skýra yfirmatsmanni frá, ef þeim er sýnd óhlyðni við matsstörfin eða ef framleiðendur eða starfsfólk vikur frá gildandi ákvæðum reglugerða eða annarra fyrirmæla um mat og eftirlit.

### 6. gr.

Við framkvæmd starfa sinna er matsmönnum heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem l. nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds, hæfilegt magn sýnishorna af fiski og sjávarafurðum til rannsókna, enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

## 7. gr.

Matsmönnum er skylt að gefa yfirmatsmanni skýrslu um fisk þann er matsmaðurinn hefur metið eða haft umsjón með.

Matsmaður gefur út vottorð í samræmi við fyrirmæli yfirmatsmanns.

## 8. gr.

Matsmanni er skylt að framkvæma störf yfirmatsmanns, er yfirmatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum eða fjarveru, enda beri honum þóknun fyrir.

## 9. gr.

Ef matsmaður þarf vegna starfa sinna að takast ferð á hendur út fyrir þann stað, er hann á heimilisfang í, fær hann greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins þar að lútandi.

## 10. gr.

Matsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

## 11. gr.

Matsmenn eru skyldir til að sætta sig við þær breytingar sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir fiskmatsmenn nr. 141 13. mars 1950.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1978.*

**Matthías Bjarnason.**

*Steinunn M. Lárusdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um skelfiskveiðar.

## 1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin hverju sinni, skulu skelfiskveiðar vera bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra.

## 2. gr.

Skelfiskveiðileyfi verða bundin við ákveðin svæði þannig:

1. Suðvesturland frá Ingólfshöfða allt að Öndverðarnesi.
2. Breiðafjörður frá Öndverðarnesi að Bjargtöngum.
3. Vestfirðir frá Bjargtöngum að Hornbjargi.
4. Norðurland frá Hornbjargi að Fonti á Langanesi.
5. Austurland frá Fonti á Langanesi allt að Ingólfshöfða.

Hið ytra takmarkast öll þessi svæði af landhelgislinunni.